

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

930. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. nóvember 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs
Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

1. **Byggingafulltrúi, Ólafur Jakobsson**, mætir til fundar við byggðarráð og kynnir fyrirhugaða viðbyggingu við Hótel Hvammstanga sem fer í grenndarkynningu.
2. **Umhverfisstjóri Ína B. Ársælsdóttir** mætir til fundar við byggðarráð ásamt byggingafulltrúa Ólafi Jakobsson að ræða hönnun og útfærslur á brú yfir Hvammsá í tengslum við hugmyndir um nýtt skipulag á svæði milli íþróttahúss og leikskóla.
3. **Fundargerðir:**
 - a. **1611043** Lögð fram til kynningar fundargerð 389. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.
 - b. **1611044** Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 8. nóvember sl.
 - c. **1611045** Lagðar fram til kynningar fundargerðir Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 15. september og 10. nóvember sl.
4. **Ástand brúa í Húnaþingi vestra.**

Rætt um ástand brúa í Húnaþingi vestra í framhaldi af niðurstöðu úr rannsókn Rannsóknarnefndar samgönguslysa á slysi sem varð þegar brúin yfir Vatnsdalsá brotnaði um miðjan ágúst 2015. Sveitarstjóra falið að senda erindi á Vegagerðina og fara fram á að ástand brúa í Húnaþingi vestra verði kannað með tilliti til aðkomu og þungaflutninga.
5. **1608061 Löggæslumál.** Lagt fram tölvubréf Páls Björnssonar lögreglustjóra frá 18. nóvember sl. svar við fyrirspurn vegna slyss sem varð við Hvammstangahöfn þann 24. ágúst sl. Enn hefur ekki borist svar við fyrirspurn um hvar hægt er að nálgast áhættumat sem gert hefur verið fyrir Norðurland vestra þrátt fyrir ítrekanir. Sveitarstjóra falið að senda erindi til Ríkislögreglustjóra og óska eftir áhættumati fyrir Húnaþing vestra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:36

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir